

---

# Íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum, Hafnarfirði

## Álit um mat á umhverfisáhrifum

---

### 1 Inngangur

#### 1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 4. maí 2022 lagði Hafnarfjarðarbær fram umhverfismatsskýrslu um uppbyggingu á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 2. júní 2022 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu, en 8. júní 2022 í Fjarðarfréttum. Umhverfismatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 2. júní til 15. júlí 2022 hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Hafnarfjarðarbæjar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Kópavogs og Garðabæjar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfistofnunar og Veðurstofu Íslands.

#### 1.2 Gögn

##### Framlögð gögn Hafnarfjarðarbæjar

Umhverfismatsskýrsla: Uppbygging á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði. Umhverfismatsskýrsla. Hafnarfjarðarbær og Verkís, maí 2022.

Eftir að umhverfismatsskýrsla lá fyrir óskaði Skipulagsstofnun frekari upplýsinga frá Hafnarfjarðarbæ um tiltekin atriði og bárust svör við þeim 2. og 9. september 2022.

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð Hafnarfjarðarbæjar við umsögnum þann 26. ágúst 2022.

##### Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá: Hafnarfjarðarbæ 14. júní 2022, Hafrannsóknastofnun 27. júlí 2022, Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness 15. júlí 2022, Minjastofnun Íslands 15. júlí 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 21. júlí 2022, Orkustofnun 12. júlí 2022, Umhverfisstofnun 18. júlí 2022 og Veðurstofu Íslands 8. júní 2022.

Auk framangreindra umsagna bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum:

Birni Ól. Gíslasyni, Ólöfu Björnsdóttur og Huldu Björnsdóttur 14. júlí 2022, Huldu Hákonardóttur 15. júlí 2022 og Landvernd 12. júlí 2022.

Við vinnslu álitsins var farið á vettvang.



## 2 Framkvæmd

### 2.1 Framkvæmdalýsing

Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu fjölnota knatthúss og fjögurra æfingavalla að Ásvöllum í Hafnarfirði. Knattúsið verður 11.370 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Mænishæð yfir miðju vallar er 25 m en 12 m yfir hliðum. Gert er ráð fyrir ca. 900 m<sup>2</sup> þjónustubyggingu samtengdri knatthúsinu. Norðvestan við húsið er gert ráð fyrir 85 - 95 bílastæðum.


### 2.2 Staðhættir

Íþróttasvæði Hauka er að Ásvöllum í Vallahverfi í Hafnarfirði. Fjöldi íþróttamannvirkja hefur verið komið fyrir á svæðinu síðustu áratugi. Svæðið er um 16 ha að stærð og afmarkast af Ásbraut í vestri og norðri en íþróttahúsum og æfingavelli í austri og náttúrusvæðum í suðri. Þegar er á svæðinu íþróttamiðstöð, vallarhús, sundlaug, gervigrasvöllur, grasvöllur og æfingavellir ásamt tilheyrandi mannvirkjum í tengslum við vellina, bílastæði og gatnakerfi.

Til suðurs einkennist náttúrufar framkvæmdasvæðis af hrauni og grónu landi. Til austurs af fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði liggur Ástjörn sem er innan friðlýsts svæðis og liggja mörk íþróttasvæðis og friðlands saman á suðausturmörkum framkvæmdasvæðis við göngustíg sem þar er. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi. Framkvæmdasvæðið er að stórum hluta raskað, sérstaklega þá norðurhluti þess þ.e. áformað byggingarsvæði knatthússins.

### 2.3 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðarbæjar eru lagðir fram tveir valkostir á fyrirkomulagi mannvirkja að Ásvöllum.



Mynd 1. Valkostir til skoðunar í umhverfismati (úr umhverfismatsskýrslu).



**Valkostur A - Fyrirhugað uppbygging, skv. skipulagi.** Staðsetning mannvirkja í samræmi við skipulag. Valkosturinn gerir ráð fyrir að knatthús sé staðsett nyrst á athugunarsvæðinu og æfingasvæði verði staðsett sunnan við núverandi gervigrasvöll. Syðst á svæðinu er gert ráð fyrir þremur æfingavöllum og eru þeir vellir sameiginlegir báðum valkostum. Gert er ráð fyrir íbúðarbyggð við núverandi íþróttamiðstöð Hauka.

**Valkostur B - Fyrri hugmynd um uppbyggingu.** Staðsetning mannvirkja samkvæmt fyrri deiliskipulagi frá árinu 2010. Valkosturinn gerir ráð fyrir að knatthús sé staðsett sunnan við núverandi gervigrasvöll og æfingasvæði er staðsett nyrst á athugunarsvæðinu. Syðst á svæðinu er gert ráð fyrir þremur æfingavöllum og eru þeir vellir sameiginlegir báðum valkostum. Ef valkostur B verður fyrir valinu verður ekki úr frekari íbúðaruppbyggingu.

Í umsögnum Björns Ó. Gíslasonar o.fl., Huldu Hákonardóttur og Landverndar er bent á að valkostur B virðist ekki inni í myndinni þar sem íbúðalóðirnar hafi verið boðnar út og tilboði frá verktakafyrirtæki hafi verið tekið í mars sl. Það sé óásættanlegt setja upp valkosti þegar raunverulega er búið að taka ákvörðun um að skipuleggja með öðrum hætti.

Í umsögnunum er einnig bent á að ekki sé hægt að meta heildar umhverfisáhrif af valkosti A (og B) nema valkostur C, fjær friðlandinu, hefði einnig verið metinn og raunverulegt mat farið fram. Þetta hafi ekki verið gert og því sé fyrirbyggjandi mati á umhverfisáhrifum verulega ábótavant.

### 3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatskýrslu Hafnarfjarðarbæjar eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð og óverulega neikvæð, óverulega jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 17 til 18 í umhverfismatskýrslunni. Skipulagsstofnun notar sömu vægiseinkunnir í þessu álit.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati Hafnarfjarðarbæjar á umhverfisáhrifum. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatskýrslu Hafnarfjarðarbæjar og umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatskýrslu auk annarra gagna.

#### 3.1 Áhrif á jarðmyndanir

##### 3.1.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatskýrslu Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé hraun sem að stórum hluta sé raskað fyrir, sér í lagi á svæðinu að norðanverðu á byggingarreit fyrir knatthús. Suðurhluti framkvæmdasvæðis sé minna raskaður og standi hraun þar víða upp úr mólendinu. Uppbygging knatthússins hafi lítil áhrif á óraskað hraun og óverulegur munur sé á umfangi rasksins eftir valkostum. Áhrif á eldhraun komi einkum fram syðst á svæðinu þar sem þrjú æfingavellir eru fyrirhugaðir. Framkvæmdir komi til með að breyta einkennum jarðminja á svæðinu og rýra verndargildi eldhrauns, sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Jarðminjum hafi verið raskað á stórum hluta framkvæmdarsvæðis nú þegar. Áhrif á jarðminjar séu staðbundin, til langs tíma og óafturkræf og metin talsvert neikvæð.

##### 3.1.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun telja jákvætt að ákveðið hafi verið að færa göngustíga til að minnka rask á hrauni. Náttúrufræðistofnun bendir á að þó svo að framkvæmt verði á hrauni sem þegar hafi verið raskað mikið þá felist framkvæmdirnar engu að síður í enn frekara raski á hrauni sem njóti verndar. Skipulagsstofnun telur að þar sem hraunið á Ásvöllum sé mikið raskað þá



hafi það að mestu glatað verndargildi sínu. Engu að síður tekur Skipulagsstofnun undir með Umhverfisstofnun um nauðsyn þess að raski á jarðminjum verði takmarkað eins og frekast er unnt og reynt að halda í þau náttúrulegu sérkenni sem fyrir eru á svæðinu. Ef fyrirfinnast sérstakar hraunmyndanir á svæðinu er æskilegt að reynt verði að hlífa þeim við raski líkt og Hafnarfjarðarbær boðar. Skipulagsstofnun telur að áhrif á jarðmyndanir verði talsvert neikvæð.

## 3.2 Áhrif á vatnafar og lífríki Ástjarnar

### 3.2.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatsskýrslu er greint frá því að boraðar hafi verið 16 holur, um 3 m djúpar, undir fyrirhuguðu knatthúsi samkvæmt valkosti A sem sýni að þar sé allþétt hraunhella. Eldri og dýpri boranir sýni að um 10 metra þykkt og allþétt hraun sé á þeim hluta sem næstur er Ástjörn. Áformaðar framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa áhrif á flæði grunnvatns. Þegar hafi verið boraðar svelgholur til að taka við affalli frá Ástjörn í þeim tilgangi að verja byggðina vestur af svæðinu og muni þær holur þjóna sama tilgangi þegar íþróttavellirnir komast í gagnið. Helsti áhrifaþáttur valkosta á vatnafar sé talinn hætta á mengun vegna framkvæmda á framkvæmdatíma. Til að vernda lekt muni hæð graftarbotns vera minnst 0,5 m fyrir ofan grunnvatnsyfirborðið og þar sem gröftur nái ekki niður að hæsta grunnvatnsborði né hafi áhrif á lekt, muni flæði grunnvatns úr Ástjörn haldast óbreytt. Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir komi ekki til með að hafa áhrif á vatnafar, eigi það sama við um votlendi svæðisins og lífríki Ástjarnar, að undanskildu fuglalífi.

Fram kemur að Ástjörn sé friðlýst og í reglum um friðlandið, segi að óheimilt sé að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatnasviði hennar efni sem skaðað geti gróður eða dýralíf á svæðinu. Verndun tjarnarinnar snúi fyrst og fremst að fjölbreyttu lífríki. Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir fyrirbyggjandi rannsóknnum á lífríki Ástjarnar.

Þá kemur fram að ekki séu taldar líkur á að framkvæmd hafi áhrif á flokkun Ástjarnar sem ósnortið vatn. Möguleg áhrif á framkvæmdasvæði séu metin staðbundin og komi ekki til með að rýra verndargildi Ástjarnar né ganga gegn skilmálum friðlýsingar svæðisins. Áhrif valkosta á vatnafar séu talin sambærileg en þó sé ákveðin óvissa vegna valkosti B þegar kemur að staðsetningu á knatthúsi þar sem sú staðsetning er að hluta til þar sem að tjörninn rennur í vestur á yfirfalli.

### Vöktun og mótvægisáðgerðir

Í umhverfismatsskýrslu eru lagðar til eftirfarandi mótvægisáðgerðir og verklagsreglur:

- Við hönnun framkvæmdarinnar verður bilið milli hæstu vatnshæðar Ástjarnar (21,0 m y.s.) og hæð graftarbotns á knatthúsi haft minnst 0,6 m. Graftardýpt verði þar af leiðandi mest 21,6 m.
- Vatnsborð Ástjarnar verður vaktað á framkvæmdatíma.
- Við hönnun framkvæmdarinnar verður útfærður sá möguleiki að á svæðinu verði hægt að taka við viðbótar vatni, ef vatnsstaðan hækkar verulega og leiða það burt svo grunnur bygginga liggja ekki undir skemmdum vegna vatnsaga.
- Við hönnun framkvæmdarinnar verður tryggt að afrennsli frá framkvæmdasvæðinu renni ekki í Ástjörn.
- Á framkvæmdatíma verða skilgreindar áðgerðir til að draga úr áhættu vegna framkvæmda í nálægð við friðlandið Ástjörn. Þessar áðgerðir geta t.a.m. falist í leka- og ástandsskoðun ökutækja og vinnuvéla áður en verk hefst, daglegu eftirliti með leka og ástandi tækja og skriflegri viðbragðsáætlun vegna mengunarslysa. Nánar er gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum og vöktun í umhverfismatsskýrslu.



### 3.2.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og telur jákvætt að Hafnarfjarðarbær ætla að gæta að því að vatnsborðssveiflur verði ekki umfram náttúrulegar sveiflur. Af rannsóknarborunum sem sýna að í nær öllum tilfellum sé þétt hraun undir fyrirhuguðu knatthúsi, samkvæmt valkosti A, má ætla að framkvæmdirnar muni ekki hafa áhrif á rennsli úr Ástjörn. Engu að síður bendir Skipulagsstofnun á að sá hluti hraunsins sem ekki hefur verið raskað er alls staðar sprunginn í stórar blokkir. Það er því engin ástæða til að ætla annað en að sá hluti hraunsins sem er undir núverandi knattspyrnuvöllum og kemur til með að lenda undir knatthúsinu sé jafn sprunginn. Það er því alls ekki hægt að líta á berggrunninn undir knatthúsinu sem einn gegnheilan og samfelldan bergmassa. En þá er jafnframt mögulegt að þegar knatthúsið rís, að hið mikla farg sem því fylgir hafi í för með sér einhverja hreyfingu á berginu við sprungur og þar með mögulega breytingu á lekt bergsins sem myndar fyrirstöðu Ástjarnar. Skipulagsstofnun telur ólíklegt að lekt breytist vegna þessa, ef tilhögun verður samkvæmt valkosti A, þó ekki sé unnt að útiloka slíkt. Skipulagsstofnun telur því ekki minni óvissu um áhrif valkosti A á vatnafar í samanburði við valkost B. Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun um að skipulag frárennslis á ofanvatni ætti að tryggja að mengun frá íþróttasvæðinu berist ekki til Ástjarnar en mikilvægt er að vakta ástand tjarnarinnar reglulega og einkum þegar vatnsstaða er hæst. Stöðva verður framkvæmdir ef vísbendingar eru um mengun. Skipulagsstofnun metur áhrif beggja kosta óverulega neikvæð.

Skipulagsstofnun telur að Hafnarfjarðarbær hafi gert fullnægjandi grein fyrir mótvægisáðgerðum til að fyrirbyggja eins og kostur er að mengunarefni berist í Ástjörn á framkvæmdartíma. Skipulagsstofnun telur brýnt að þær ráðstafanir og mótvægisáðgerðir verði kynntar fyrir þeim verktökum sem koma til með að starfa á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun telur óheppilegt að ekki sé byggt á nýlegri rannsókn um lífríki Ástjarnar en breytingar geti orðið á samfélögum lífvera á tuttugu árum. Í sama streng taka Björn Gíslason o.fl. í umsögn sinni og benda á að ekki sé ljóst hvort vaxandi byggð í nágrenni tjarnarinnar hafi einhver áhrif á hana eða sé líkleg til þess. Í umsögn Landverndar er bent á að Ástjörn sé eitt af fáum friðlýstum svæðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins og það eina sem hafi fengið sérstaka vernd vegna óvenjulega mikilla náttúrugæða í þessum flokki friðlýsingar. Lífríki allt og vistgerðir á svæðinu séu einstakar í sinni röð í mikilli nálægð við þéttbýlið í Hafnarfirði.

Skipulagsstofnun tekur undir með því sem fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar og telur óheppilegt að ekki sé fylgst með lífríki Ástjarnar og framvinda lífríkisins vöktuð. Þó svo að ný íþróttamannvirki eigi ekki að hafa í för með sér efnalosun í vatnið er full ástæða til að sannreyna hvort eða hvert samspil er milli lífríkis tjarnarinnar og byggðar í nágrenni hennar. Líkt og Landvernd bendir á þá er Ástjörn sérstaklega viðkvæmt verndarsvæði innan þéttbýlisins í Hafnarfirði. Það er því mikilsvæði að framkvæmdum verði hagað þannig að verndarsvæði tjarnarinnar verði ekki raskað og að ekki verði unnið með stórvirkum vinnuvélum á þeim tíma ársins sem er viðkvæmastur fyrir lífríkið.

## 3.3 Áhrif á landslag og ásjón

### 3.3.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatsskýrslu eru birtar ljósmyndaprennur frá mismunandi stöðum umhverfis Ásland. Myndirnar sýna núverandi ásjón og síðan fullbyggt svæði með mannvirkjum samkvæmt kosti A annars vegar og kosti B hins vegar. Einnig er í skýrslunni sýnt skuggavarp frá mannvirkjum samkvæmt báðum kostum á mismunandi tíma dagsins á sumarsólstöðum annars vegar og jafndægri að vori hins vegar.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að landform innan framkvæmdasvæðisins sé nokkuð flatt. Nyrst á svæðinu hafi landi verið að mestu raskað til að koma fyrir þeim mannvirkjum sem séu til



staðar. Meðfram grasvelli sé ræktað skjólbelti nálægt mörkum íþróttasvæðis og friðlandi Ástjarnar. Á suðurhluta svæðisins sé að hluta til óraskað hraun þar sem hraunflákar standa upp úr á hálfgrónu landinu í kring. Knatthúsið kemur til með að verða áberandi kennileiti á svæðinu og eigi það við um báða valkosti. Helstu áhrif framkvæmda á landslag og ásjón felist í byggingu knatthússins sem verði áberandi kennileiti á svæðinu sem einkennist að hluta til þegar af þéttbýlu og manngerðu umhverfi. Nýir æfingarvellir koma til með að breyta svæði sem einkennist af hálfgrónu hrauni sem er að hluta óraskað. Framkvæmd kemur til með að breyta ásjón svæðis og eigi það við um báða valkosti. Áhrif valkosta eru metin óveruleg til talsvert neikvæð.

### 3.3.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir í umsögn sinni á að með framkvæmdinni fjölgi mannvirkjum á svæðinu og náttúrulegu umhverfi verði raskað með tilheyrandi breytingum á landslagi innan framkvæmdasvæðis. Mestu skipti þó áhrifin á landslag og ásjón friðlandsins og fólkvangsins við Ástjörn. Það eigi við um ásjón umhverfis friðlýsta svæðið og utan frá séð t.d. frá íbúabyggð og útivistarsvæði við Ásfjall. Knatthöllin verði stórt og áberandi mannvirki og eins og sjáist á myndum í umhverfismatsskýrslu fylgi mikil ásjónarbreyting byggingu hennar, sérstaklega í valkosti A þar sem hún standi nær Ástjörn. Gæta þurfi sérstaklega vel að áhrifum framkvæmda á ásjón umhverfis næst friðlýstum svæðum. Í ljósi þessa telur Náttúrufræðistofnun að niðurstaða umhverfismatsins ætti frekar að vera talsvert neikvæð frekar en óveruleg til talsvert neikvæð. Mótvægisáðgerðir eru ólíklegar til að hafa mikið að segja því stærð knatthallarinnar vegur þyngst hvað varðar áhrifin og verður ekki breytt.

Í umsögn Björns Gíslasonar o.fl. er bent á að sjónræn áhrif mannvirkja séu metin með hliðsjón af íþróttasvæðinu og útlit þess sagt breytast. Réttara væri að hugsa þetta út frá friðlandinu og fólkvanginum, en með þessari byggingu væri verið að gera gríðarlega breytingu til hins verra á útliti Ástjarnar og Ástjarnarkvosarinnar sem sé ekki í anda friðlýsingarinnar.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð íþróttamannvirki muni hafa í för með sér miklar breytingar á landslagi og ásjón svæðisins. Syðsti hluti svæðisins þar sem hraun er að finna mun verða raskað með nýjum mannvirkjum. Hraunið er töluvert gróið og hefur jafnframt verði raskað með mannvirkjum en eftir standa spildur af náttúrulegu hrauni. Fyrir vikið hefur það glatað verndargildi sínu að verulegu leyti. Skipulagsstofnun ítrekar það sem bent var á í kafla 3.1.2 rask á hrauni verði takmarkað eins og frekast er unnt og reynt að halda í þau náttúrulegu sérkenni sem unnt er að hlífa. Skipulagsstofnun telur að ásjónarmyndir í umhverfismatsskýrslu gefi ágæta hugmynd um hvernig svæðið kemur til með að líta út að loknum framkvæmdum. En reynslan af slíkum myndum í samanburði við raunverulega ásjón með vettvangsskoðun að loknum framkvæmdum bendi til að myndir vanmeti umfang mannvirkja. Knatthúsið er ráðgert rétt við mörk friðlandsins þar sem skemmt er á milli íþróttasvæðisins og Ástjarnar. Það verður því langstærsta mannvirkið í nágrenni tjarnarinnar og mun gnæfa yfir tjörnina. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á ásjón og landslag verði talsvert neikvæð. Áhrifin verði sýnu verri af kosti A vegna nálægðar við Ástjörn.

## 3.4 Áhrif á fuglalíf

### 3.4.1 Mat Hafnarfjarðarbæjar

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir fuglalífi á Ástjörn sem m.a. er byggð á greinargerð um áhrif mannvirkjagerðar á Ásvöllum á fuglalíf í friðlandi og fólkvangi sem Hafnarfjarðarbær lét taka saman. En greinargerðin er unnin upp úr fyrirbyggjandi heimildum.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að verndun Ástjarnar og nágrennis virðist hafa byggst aðallega á tveimur þáttum. Í fyrsta lagi hafi lífríkið, bæði gróður og dýralíf, verið fjölbreytt og talið verðugt verndar. Sérstök áhersla var lögð á varp flórgoða við tjörnina, en sú fuglategund er fremur sjaldgæf og stofn hennar lítill hér á landi eða um 1000 pör. Í öðru lagi var áhersla lögð á nálægð tjarnarinnar



við þéttbýli á landinu suðvestanverðu, þar sem fólk geti auðveldlega komist í snertingu við óspillta náttúru. Fuglalíf við Ástjörn sé nokkuð vel þekkt. Nákvæmasta könnunin hafi verið gerð árið 2000 þegar gengið var skipulega um bæði friðlandið og fólkvanginn og óðul fugla talin. Fuglalíf á svæðinu er talið fjölbreytt sem endurspeglir ólík búsvæði. Alls hafi 53 fuglategundir sést á athugunarsvæðinu. Tegundir sem líklega verpi á hverju ári séu 15 en auk þess er vitað til að 14 aðrar tegundir hafi orpið við Ástjörn.

Fram kemur að báðir valkostir séu líklegir til að hafa áhrif á fuglalíf við Ástjörn en svæðið sé viðkvæmt fyrir framkvæmdum. Búast megi við að mesta ónæðið komi fram á framkvæmdatíma og þá muni landslag við vesturenda svæðisins koma til með að breytast varanlega með því að mynda þar ákveðna hindrun. Valkostur A feli í sér meiri skugga og meiri lokun á aðflugsleið að tjörninni, miðað við valkost B. Valkostur B feli í sér líkur á auknu ljósi og hávaða inn á friðlandið. Heldur meira öryggi og ró í umhverfinu virðist felast í kosti A og hann því líklega betri fyrir fuglalífið til lengri tíma litið. Ákveðin óvissa sé til staðar en þegar á heildina er litið sé niðurstaðan sú að ólíklegt er að framkvæmdirnar hafi varanleg neikvæð áhrif á fuglalíf Ástjarnar. Valkostir séu líklegir til að breyta lítið eða nokkuð einkennum umhverfisþáttarins. Neikvæð áhrif séu líkleg til að vera staðbundin, tímabundin og að einhverju leyti afturkræf. Áhrif valkosta séu metin óveruleg til talsvert neikvæð.

#### Vöktun og mótvægisáðgerðir

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að ekki verði unnið að hávaðasömum framkvæmdum frá 1. maí til 15. júlí.

#### **3.4.2 Umfjöllun Skipulagsstofnunar**

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness er bent á að miklar framkvæmdir og stóraukin umsvif á jaðri verndarsvæðis Ástjarnar séu í eðli sínu ógn við vistkerfi Ástjarnar. Krían verpti lengi á holtinu sunnan við vatnið en það varp lagðist af þegar byggðin færðist nær og sama er líklega hægt að segja um varp hettumáfs á sömu slóðum.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir í umsögn sinni á að athuganir á fuglalífi sem lagðar séu til grundvallar í umhverfismatinu séu frá tímabilinu 2001-2014 og óheppilegt að ekki séu nýlegri upplýsingar. Ástjörn sé enn mjög mikilvægt varpsvæði fyrir flórgoða en vægi svæðisins hafi breyst með aukinni útbreiðslu tegundarinnar á vötnum kringum höfuðborgarsvæðið. Nýjar upplýsingar um varp flórgoða við Ástjörn hefði þurft til að leggja mat á mikilvægi svæðisins fyrir tegundina í ljósi breytinga á útbreiðslu hennar. Náttúrufræðistofnun tekur undir mikilvægi þess að koma í veg fyrir utanaðkomandi áreiti vegna framkvæmda á varptíma fugla. Í greinargerðinni sé talið að valkostur A með knatthús nær friðlandinu frekar en valkostur B með íþróttavelli nálægt sé líklegri til að valda minni truflun því hávaðamengun væri minni frá knatthúsinu. Knatthúsið gæti hins vegar verið fyrirstaða fyrir aðflug. Fyrir flestar tegundir er það þó ekki talið vera stórt vandamál. Náttúrufræðistofnun telur greiningu á mögulegum áhrifum vera ágæta en erfitt sé að spá fyrir um hvernig fuglar bregðist við breytingum á sínu umhverfi og aukinni návist við athafnir manna og mannvirki. Sumar tegundir séu viðkvæmari en aðrar og það gæti átt við suma vatna- og vaðfugla sem verpa í og við Ástjörn meðan t.d. máffuglar og spörfuglar séu líklegri til að aðlagast breytingum betur. Árangur af aðgerðum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdar á vatnafar Ástjarnar og þar með lífríki ferskvatns skiptir miklu máli fyrir fuglalífið einnig. Framkvæmd af þessari stærðargráðu svo nálægt Ástjörn fylgi áhætta fyrir vatnafarið og tryggja þarf að allt gangi vel til að áhrifin verði í raun óveruleg eins og talið sé í niðurstöðu umhverfismatsins.

Skipulagsstofnun er ósammála framkvæmdaraðila um að líklega sé kostur A betri m.t.t. fugla. Knatthús sem verður um 25 hátt mun hafa talsvert neikvæð áhrif á sýn og birtu við Ástjörn og mögulega loka á aðflugsleið fugla. Sá kostur er mun síðri með hliðsjón af fuglum heldur en að staðsetja húsið næst núverandi íþróttahúsum. Skipulagsstofnun tekur undir með Heilbrigðiseftirlitinu og telur að framkvæmdirnar séu líklegar til að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf á



og við Ástjörn. Líkt og Náttúrufræðistofnun bendir á þá er ekki ljóst hvernig ýmsir vað- og vatnafuglar muni bregðast við þegar stór mannvirki hafa risið í nágrenni við Ástjörn. Einsýnt er að áhrif af valkosti A verða neikvæð þegar þrengt er að friðlandinu. En ekki er unnt að sjá fyrir hvort mannvirki hafi í för með sér varanlega fælingu og þá brotthvarf viðkvæmustu fuglanna eða hvort þeir breyti flugleiðum sínum til og frá tjörninni. Valkostur A hefur í för með sér stórt mannvirki við jaðar fuglafriðlandsins með mögulegum áhrifum á flugleið viðkvæmustu fugla. Valkostur B felur í sér að næst fuglafriðlandinu verða knattspyrnuæfingar með tilheyrandi hlaupum og boltsparki á sama svæði næst Ástjörn. En fyrir utan knatthús verða keppnisvöllur og 4 æfingavellir á svæðinu og varla slíkur fjöldi iðkenda að ekki sé unnt að takmarka notkun þess vallar sem verður næst Ástjörn. Hvoru tveggja hefur í för með sér neikvæð áhrif á fuglalíf á Ástjörn. Áhrif af völdum knatthússins, valkostar A, verða varanleg en áhrif af völdum valkostar B ræðst af því hvert umfang æfinga á sama svæði verður. Auk þess sem það er lítið mál að afleggja æfingavöll í samanburði við knatthús. Skipulagsstofnun telur áhrif valkostar A á fuglalíf talsvert neikvæð en áhrif valkostar B óverulega neikvæð.

#### 4 Skipulag og leyfi

Framkvæmdir við ípróttamannvirki samkvæmt kosti A samræmast Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 eftir breytingu sem gerð var á skipulaginu og tók gildi 2020. Kostur B er hins vegar ekki í samræmi við skipulagsbreytinguna, þar sem knatthúsið fer inn á svæði sem er ætlað íbúðabyggð. Fyrir liggur breyting á deiliskipulagi Ásvalla. Þar er gert ráð fyrir ípróttamannvirkjum og íbúðum samkvæmt kosti A.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð.

#### 5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatskýrslu Hafnarfjarðarbæjar um fyrirhuguð ípróttamannvirki Hauka á Ásvöllum í Hafnarfirði sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatskýrslu Hafnarfjarðarbæjar eru kynnt áform um að reisa knatthús og knattspyrnuvelli að Ásvöllum í Hafnarfirði. Í gögnum Hafnarfjarðarbæjar segir að tilgangur framkvæmdanna sé að efla þá starfsemi sem þegar sé á ípróttasvæðinu sem og að stuðla að fjölbreyttari notkun svæðisins. Uppbygging á ípróttasvæðinu sé mikilvæg og það liggja fyrir skýrir hagsmunir til að bæta þjónustu við íbúa og aðgengi að henni. Það tryggja samkeppnishæfni svæðisins við önnur sveitarfélög og ípróttafélög að geta boðið upp á gæða aðstöðu fyrir ípróttastarf.

Fyrirhuguð framkvæmd er staðsett á jaðri svæðis með hátt verndargildi vegna auðugs lífríkis. Helstu álitamálin varðandi framkvæmdina eru annars vegar möguleg áhrif á vatnafar Ástjarnar og þar með lífríki vatnsins sem geta stafað að mögulegum áhrifum mannvirkjagerðar á afrennsli frá Ástjörn. Hins vegar möguleg áhrif mannvirkjagerðar á viðkvæmt fuglalíf Ástjarnar.

Að mati Skipulagsstofnunar er líklegt að grunnvatnsrennsli frá Ástjörn verði óbreytt ef vel tekst til við framkvæmdirnar og áhrif á vatnafar og ferskvatnslífríki því óveruleg. Engu að síður tekur Skipulagsstofnun undir með Náttúrufræðistofnun Íslands að svo umfangsmikil framkvæmd í miklu





nágrenni við viðkvæmt og verðmætt ferskvatnsvistkerfi feli í sér áhættu. Á framangreint við báða valkosti.

Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun um að áhrif á fuglalíf Ástjarnar séu háð óvissu. Að mati stofnunarinnar geta þau verið óveruleg til talsvert neikvæð. Að mati Skipulagsstofnunar er valkostur B talsvert heppilegri með tilliti til mögulegra áhrifa á fugla. Í umhverfismatsskýrslu Hafnarfjarðarbæjar segir að valkostur A sé líklega betri fyrir fuglalíf til lengri tíma lítið. Það mat framkvæmdaraðila byggir á því að valkostur B geri ráð fyrir æfingavelli í stað knatthúss næst Ástjörn og að auknar líkur séu á truflun frá æfingavelli samanborið við knatthús. Skipulagsstofnun bendir á að umræddur æfingavöllur er til staðar í dag og valkostur B felur því ekki í sér framkvæmdir allra næst Ástjörn. Ónæði frá vellinum er því til staðar í dag. Vissulega kann notkun vallarins að aukast í framtíðinni fjölgi iðkendum en áformin gera jafnframt ráð fyrir þremur nýjum æfingavöllum sunnar á svæðinu og því þarf aukinn fjöldi iðkenda ekki endilega að leiða til meiri notkunar. Þá ber að hafa í huga að mögulegt er hætta notkun vallarins sé talið að hann hafi óæskileg áhrif á fuglalíf og fjölga völlum sunnar á lóðinni ef þörf er á.

Í umsögnum var bent á að eðlilegra hefði verið að leggja fram kost sem fæli í sér að knatthús yrði reist fjær friðlandinu heldur en framlagðir kostir A og B eins og rakið var í kafla 2.3. Einnig var bent á að eðlilegt hefði verið að skoða hvort ekki mætti reisa minna hús til æfinga þar sem keppni í fótbolta færi hvort eð er fram utandyra. Skipulagsstofnun telur að Hafnarfjarðarbær hafi sett framkvæmdinni mjög þröngar skorður með því binda hana við það svæði sem um ræðir og miða stærð knatthússins við skilyrði til að spila í efstu deild. Fyrir vikið hefur að mjög takmörkuðu leyti, verið skoðað hvernig unnt sé að byggja knatthús fyrir íþróttafélagið Hauka með sem minnstum umhverfisáhrifum. Þau knatthús sem hafa verið reist á Íslandi til þessa eru með allra stærstu mannvirkjum í hverju sveitarfélagi. Slík mannvirki verða ekki falin og staðsetning þeirra ræður því mestu um hvernig þau fara í umhverfi sínu.

Skipulagsstofnun er sammála Hafnarfjarðarbæ að aðgengi að íþróttastarfi sé mikilvægt fyrir íbúa bæjarins og að íþróttastarf sé mikilvægt einkum fyrir börn og ungmenni. Það sé því eðlilegt að búa vel að aðstöðu til íþróttaiðkana. Skipulagsstofnun telur ekki síður mikilvægt að ganga ekki of nærri verðmætu og viðkvæmu lífríki friðlands Ástjarnar.

Að mati Skipulagsstofnunar er verið að taka áhættu með því að reisa stórt knatthús steinsnar frá viðkvæmri náttúru líkt og ráðgert er verði kostur A fyrir valinu. Með hliðsjón af mögulegum áhrifum á Ástjörn og lífríki hennar er valkostur B betri kostur. Minnt er á að sérstaða Ástjarnar felst ekki síst í nálægð hennar við þéttbýli en slík nálægð felur það í sér að nauðsynlegt er að fara mjög varlega í mannvirkjagerð í nágrenninu.

Reykjavík, 23. september 2022

  
Egill Þórarinnsson

  
Sigurður Ásbjörnsson